



**FÉLAG NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA**

## **Aðalfundur FNS 2020 verður föstudaginn 29. maí klukkan 15:00 á Zoom**

Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt  
lögum FNS

### **HAFÐU ÁHRIF – VERTU MEÐ**

Starfsemi FNS veltur á þátttöku félagsmanna og er einfaldasta leiðin til að hafa áhrif að taka þátt. Fjöldi öflugra félagsmanna kemur að starfseminni, en alltaf eru einhverjar breytingar. Því óskum við eftir fólki í eftirfarandi embætti:

- Stjórn
- Fræðslunefnd
- Fagráð grunnskóla
- Fagráð framhaldsskóla
- Fagráð háskóla
- Fagráð atvinnulífsins
- Fulltrúa norræns samstarfs
- Upplýsinga og kynningarnefnd

Kjararáð félagsins hafa ekki verið fullmönnuð síðustu ár, en það er nokkuð ljóst að þörf er á að hafa starfandi kjararáð fyrir bæði grunnskóla og framhaldsskóla þar sem um einn kjarasamning er að ræða á hvorum vettvangi, því óskum við eftir fólki í:

- Kjararáð grunnskóla
- Kjararáð framhaldsskóla

**Gefið ykkur fram við stjórnarmeðlimi eða sendið póst á [fnsstjorn@gmail.com](mailto:fnsstjorn@gmail.com) ef þið viljið bjóða ykkur fram eða benda á góða kosti.**

Hér er krækja á Zoom fundinn:

<https://us02web.zoom.us/j/86246952889>

Vekjum athygli á því að skv. lögum FNS eru félagsmenn þeir sem hafa fengið leyfi til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi og greiða félagsgjöld í FNS.

Hlökkum til að sjá ykkur

Stjórn FNS